

# Fréttatilkynning

frá Smáralind ehf.

Sent Kauphöll Íslands hf., mánudaginn 27. ágúst 2007

## Árshlutauppgjör Smáralindar ehf. 30.06.2007

Árshlutareikningur félagsins er nú í fyrsta sinn gerður í samræmi við alþjóða reikningsskilastaðla IFRS. Verslunarmiðstöðin er nú flokkuð sem fjárfestingareign og er hún metin á gangverði í samræmi við IAS 40. Eignin er metin með því að núvirða frjálst sjóðsflæði til framtíðar. Matið var gert í fyrsta sinn 1. janúar 2006 en skv. niðurstöðum þess, hækkar fjárfestingareign um 4.335 mkr. og skattáhrifin eru 780mkr. Breyting á eigin fé við upptöku IFRS 01.01.2006 er því hækkun um 3.555 mkr.

Hagnaður Smáralindar ehf. fyrstu 6 mánuði ársins nam 735 mkr. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA) nam 380 mkr. sem er um 5% aukning frá sama tímabili síðasta árs. Veltufé frá rekstri nam 231 mkr. og handbært fé frá rekstri nam 216 mkr.

Heildareignir félagsins námu 14.766 mkr. þann 30.06.2007 en þær námu 15.247 mkr. skv. árshlutauppgjöri 2006. Eigið fé félagsins í lok tímabilsins var 6.282 mkr. og eiginfjárhlutfall félagsins 55 % að teknu tilliti til víkjandi láns frá móðurfélaginu.

Í samanburðartölum hér á eftir eru uppgjörin 2004 og 2005 skv. íslenskum reikningsskilavenjum en IFRS gildir fyrir árin 2006 og 2007

Árshlutareikningar (mkr.)	2007	2006	2005	2004
	6 mán.	6 mán.	6 mán.	6 mán.
Rekstrartekjur	711	654	604	552
Rekstrargjöld án afskrifta	331	292	267	260
Rekstrarhagn. fyrir afskriftir og fjármagnsliði (EBITDA)	380	362	337	292
Afskriftir	25	24	182	178
Rekstrarhagnaður án fjármagnsliða	355	338	155	114
Hreinar fjármagnstekjur/fjármagnsgjöld	17	(1.069)	(209)	(343)
Matsbreyting fjárfestingareignar	(390)	352	0	0
Hagnaður (tap) fyrir skatta	896	(379)	(54)	(229)
Hagnaður (Tap)	735	(310)	(41)	(188)
Heildareignir	14.766	15.247	10.141	10.398
Eigið fé	6.282	5.547	1.814	1.711
Víkjandi lán frá móðurfélagi	1.909	2.791	2.772	2.591
Eigið fé og víkjandi lán samtals	8.191	8.338	4.586	4.301
Veltufé frá rekstri	231	250	191	136
Handbært fé frá rekstri	216	203	206	73
Eiginfjárhlutf. að teknu tilliti til víkjandi láns frá móðurf.	55%	55%	45%	41%
Veltufjárhlutfall	0,80	0,63	0,56	0,34

Gestum Smáralindar fjölgaði um 4,7 % á milli uppgjörstímabila og velta í verslunum hefur verið að aukast eins og undanfarin ár. Í apríl s.l. hófst Norðurturninn ehf. (systurfélag Smáralindar ehf.) handa við byggingu svokallaðs Norðurturns á NV hlutar lóðar Smáralindar. Norðurturninn verður tengdur Smáralind með tveggja hæða tengibyggingu sem mun hafa veruleg áhrif á alla starfsemi verslunarmiðstöðvarinnar.

Nánari upplýsingar veitir:  
Helgi M.Magnússon,  
framkvæmdastjóri Smáralindar ehf.  
sími 528-8000

